



Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

	Gátlisti v/ gæðaverkefni	
1	Skipulag félags / deildar:	
A	Skipurit er til staðar	Skipurit er mótað af hverju félagi fyrir sig.
B	Markmiðssetning félags er skýr	Markmið félagsins eru skýr, íþróttaleg-, félagsleg-, uppeldisleg- o.sfrv.
C	Ungt fólk 16 – 25 ára á fulltrúa/ áheyrnafulltrúa í stjórn	Samþykkt eða staðfesting stjórnar liggur fyrir.
D	Siðareglur eru til staðar	Félagið hefur mótað og samþykkt siðareglur. Siðareglurnar eru kynntar fyrir félagsmönnum og þjálfurum og eru sýnilegar á heimasíðu félagsins.
2	Umgjörð þjálfunar og keppni	
A	Starfað í samræmi við stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga.	Samþykkt eða staðfesting stjórnar á að félagið fari eftir stefnuyfirlýsingu ÍSÍ um íþróttir barna og unglunga liggur fyrir. Stjórn ber ábyrgð á að stefnan sé kynnt og eftir henni farið innan félagsins.
B	Félagið /deildin hefur útbúið kennslu- og æfingaskrá	Í kennslu- eða æfingaskrá þarf að koma fram hvaða viðfangsefni eru tekin fyrir á hverju aldurstigi, í flokki eða hópi.
3	Fjármálastjórn:	
A	Bókhald er aðskilið eldri – yngri	Félagið aðskilur fjárreiður yngri og eldri iðkenda.
B	Laun þjálfara eru samræmd	Jafnréttis er gætt í launum innan félagsins. Laun miðist við menntun, þekkingu og reynslu þjálfara og annarra starfsmanna.
C	Þjálfarar eru með skriflegan ráðningarsamning	Ríkisskattstjóri beinir þeim tilmælum til íþr.hreyf. að hún sé með launþega frekar en verktaka. Það hefur sýnt sig að verktakar eru oft að lenda í vandræðum vegna pappíra og launatengdra gjalda sem þeir þurfa að standa skil á.
D	Fjárhagsáætlun næsta árs liggur fyrir	Fjárhagsáætlun næsta árs fylgi ávallt reikningum fyrra árs og taki mið af þeim.
4	Þjálfaramenntun	
A	Þjálfarar hafa menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ	Miðað er við útgefna kröfur ÍSÍ miðað við aldur iðkenda.
B	Aðstoðarþjálfari er til staðar ef þarf	Aðstoðarþjálfari þar sem fjöldi iðkenda er mikill. Skilgreindur hámarksfjöldi á æfingum á hvern þjálfara.

C	Samstarfsfundir þjálfara eru haldnir	Nauðsynlegur hlutur til að tryggja eðlilega framvindu í þjálfun. Auk þess má fullyrða að saman geti þjálfarar náð meiri árangri með því að bera saman bækur sínar.
5	Félagsstarf	
A	Áætlun um félagsstarf liggur fyrir	Nauðsynlegur þáttur í allri íþróttaiðkun/-þjálfun. Starfið er brotið upp með félagslegum athöfnum, öðrum en æfingum og keppni.
6	Foreldrastarf	
A	Verksvið foreldraráða er skilgreint	Verksvið foreldraráðs/-ráða er vel skilgreint og skýrt.
7	Fræðslu og forvarnir	
A	Félagið/deildin hefur mótað sér stefnu í fræðslu og forvarnarmálum	Forvarnarstefna til staðar. Félagið fylgir stefnu í eineltismálum og forvörnum gegn kynferðislegu áreiti eða ofbeldi.
8	Jafnréttismál	
A	Félagið /deildin sinnir til jafns kröfum beggja kynja til íþróttaiðkunar	Jafnréttisáætlun er til staðar.
B	Aðskilið bókhald	Þetta á ekki við ef um er að ræða hópa á æfingum sem ekki eru kynjaskiptir.
9	Umhverfismál	
A	Félagið /deildin hefur mótað sér leiðir í umhverfismálum	Leiðir sem félagið treystir sér til að fylgja. Leita m.a. í þá þætti sem þegar eru fyrir hendi, s.s. umgengnisreglur í íþróttamannvirkjum, í ferðalögum, notkun endurvinnanlegra vara/efna, hvetja til samkeyrslu á æfingar og keppnir o.s.frv. 4-6 greinar sem hægt er að fara eftir. Sum félög hafa hér inni t.d. einn tiltektar-/gróðurdag á ári þar sem félagar planta gróðri og/eða taka til á félagssvæði sínu.

skýringar: + í lagi, (+) vantar örlítið uppá, / að hluta, (/) er í lámarki, - vantar, ? þarf að athuga, X á ekki við.